

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Skilmannahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón S. Ólafsson.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á skipulagsupprætti fyrir Skagaströnd í Höfðahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. júní 1975 staðfest skipulagsupprátt fyrir Skagaströnd í Höfðahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Höfðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón S. Ólafsson.*

## SAMÞYKKT

**um hundahald í Þórshafnarhreppi.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Þórshafnarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á lögregluvarðstofu Þórshafnar og þar fær eigandi hundsins afhenta merktu plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með þessum hundum og skal upphæðin við það miðuð.
- c) Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi. Gjaldldagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir, fiskvinnsluhús eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.